Góðir fundarmenn!

Ég þakka Rauðsokkum fyrir
þá framtaksemi að bjóða
til þessarar ráðstefnu og að
fá tækifæri til að rekja hér
í stórum dráttum helstu atriði
í kjarabaráttu okkar sjúkraliða.
Í nóvember 1965 er gefin út reglu-
gerð um sjúkraliðanám og það
ár eru fyrstu námskeiðin haldin.
Mikil vöntun er (var) á á hjúkrunar-
konum og skyldi nú fara
fram mikil hagræðing í vinnu
á sjúkrahúsum. Einn þátturinn
í því er að hjálpa upp starfs-
hóp til að vinna einföldustu
hjúkrunarstörfin. Þetta er gert
með 8 mán. námskeiðum verklegum
og bóklegum og látið í veðri

vaka að aðeins væri um til-
raun að ræða. Samkvæmt þessu
er kaupinu stillt mjög í hóf,
eða í 9. launafl., sem var þá
3. lægsti launaflokkurinn.
Tilraunin tókst bara svo vel
að sífellt fjölgaði sjúkraliðum og
æ þá bættust í auknum mæli
þau störf, sem hjúkrunarkonur
höfðu unnið. Hjúkrunarkvenna-
skorturinn var orðinn til fimm sinnum ~~til~~ legur
Fljótlega gætti óánægju meðal
sjúkraliða með launakjörin.
Borgin setti sína sjúkraliða strax
í 10. launafl., ríkið kom þá á
eftir og hækkaði sína sjúkraliða.
Með samningunum 1970 hækkuðu
þeir í 11. launafl.. Ekki voru
sjúkraliðar ánægðir, því í reyndinni
var þetta næst lægsti launafl.

á sjúkrahúsum, fái vom fyrir neðan 10. launafl. –
Með launafmál sjúkraliða hjá ríkinu fór Starfsm. fél. Ríkisstofn., þar sem þeir, sem starfsmenn ríkisins, eru félagsbundnir. Þegar liða tók á þetta 2 ára samningstímabil, frá 1970 var hafinn undirbúningur að sameiginlegri kröfugerð innan Starfsmannafél. ~~ríkis~~ Vann eg að henni í hópi heilbrigðisstétta. Einnig var eg varamaður í launanefnd. Skyldi nú sækja okkar mál sjúkraliða af hörku, þar sem að á tímabilinu, nám okkar hafði verið aukið upp í 1 ár og reglugerðin endurbætt. Einnig hlóðust sífellt á okkur meiri störf og aukið álag vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Nú fyrst fann ég hvað við rammann
reip var að draga, þar sem voru
viðsemjendur vinnuveitenda, hvort
heldur er hjá því opinbera eða
á frjálsa vinnumarkaðinum.
Mótmælin voru aðallega byggð á
reglugerð okkar. En grunur minn
er sá að þarna hafi átt að nýta
einhvern vara-vinnukraft, -
konuna. Mikill hluti sjúkraliða
eru húsmæður, sem hafa drifið
sig út af heimilinu til að vinna.
Eins og kunnugt er endaði
þessi barátta í uppsögn sjúkral-
liða á Landspítalanum, vegna
kröfu okkar um 14. launafl.,
sem aðrir sjúkral. höfðu þá fengið.
Kom nú í ljós hvað nauðsynlegur
starfskraftur við vorum. Forstjóri
Ríkisspítala lét þau orð falla

V

að hann gæti ekki látið okkur ganga út af stofnuninni. Þannig endaði þetta réttlætismál. Einnig er nú komið loforð frá Ríkisvaldinu um alm. sjúkraliðaskóla, samræmt og aukið nám og fyllri reglugerð. Verða þá vonandi úr sögunni hlutir eins og skeðu á Kleppspítala á síðasta ári og eru enn í gangi þ. e. 4ra mán námskeið. Gæti það hafa ráðið að þar áttu karlar hlut að máli til að byrja með?

Af þessu yfirliti um stöðu og launakjör sjúkraliða er augljóst að við erum í hópi þeirra lægst launuðu og þurfum svo sannarlega að standa vörð um kjör okkar og réttindi.

Ingebjörg Guðmundsdóttir